

Skólaráðsfundur 15. október 2024.

Mættir: Anna skólastjóri , Edda Sigrún fulltrúi foreldra , Hulda Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Magnús fulltrúi grenndarsamfélag, Sigurður fulltrúi foreldra. Fulltrúar nemenda Anna María 5.b. og Sigurður Óli 6.b sátu hluta af fundinum.

Starfsáætlun. Samþykkt og afgreidd frá skólaráði.

Verkfall kennara og staðan mönnunar. Verkfall hjá kennurum er yfirvofandi í einhverjum grunnskólum. Staðan víða alvarleg í skólum og það vantar marga kennara, leiðbeinendum hefur fjölgað um helming á skömmum tíma. Margir eldri kennarar eru komnir á aldur og hætta á næstu árum.

Þær aðgerðir sem núna eru í gangi miðast að því að fá leiðréttingu á launum ca. 35-40 % miðað við sambærilega hópa. Einn grunnskóli fer í verkfall í lok október. Ef röðin kemur að okkur þá vitum við það með frekar stuttum fyrirvara.

Starfsmannahald í Hamraskóla. Starfsmannahópur hefur verið fremur stöðugur en nokkuð um veikindaleyfi í vetur auk fæðingaorlofs. Það eru lítil viðbrögð við auglýsingum sem birtar eru. Andinn í skólanum er samt góður þrátt fyrir þús alla daga.

Mikilvægt að taka samtalið í starfsmannahópnum að mati fulltrúa foreldra og skólastjóri samsinnir því og telur að samtalið sé virkt meðal kennara.

Breyting á netfangi starfsmanna. Nú stendur yfir breyting á netfangi starfsmanna í skólum borgarinnar en það breytist úr rvkskolar.is í reykjavik.is. Yfirfærslan gekk vel hjá okkur en símkertið hefur verið að detta út, mörgum til ama.

Sumarfrístund. Úrræðið reyndist dýrt og trúlega verður þetta ekki aftur. Frístundin sá alfarið um starfsmannahald og skipulagningu en skólinn kom ekkert að henni. Aðstaðan í frístund hentaði vel fyrir verkefnið.

Hinsegin fræðsla. Hinsegin fræðsla fyrir starfsmenn hefur staðið yfir síðustu vikur og í framhaldi fáum við hinsegin vottun skólinn hefur uppfyllt ákveðin skilyrði.

Vegvísir – vegabréf. John Morris fyrrverandi skólastjóri Ardleigh Green grunnskólans í London heimsótti okkur síðastliðið vor. Í framhaldi af heimsókn hans ákváðum við að vinna upplýsingabæklinga fyrir foreldra og nemendur þar sem dregin eru út aðalatriðin í íslensku og stærðfræði. Mikil fagleg umræða fer fram við að skoða námsþættina og hefur nú reynst góð og gagnleg fyrir kennara. Verið að skoða stígandann í greinunum. Hluti af þessu er að reyna að einfalda námskrána og gera hana skiljanlegri.

Fríar skólamáltíðir. Reykjavíkurborg greiðir nú skólamáltíðir fyrir alla nemendur borgarinnar. Sett var upp skráningarkerfi þar sem nemendur skrá sig inn með númeri.

Upp hefur komið að nemendur séu að skrá sig inn á númerum annara en tekið verður á því.

Athuga hvort það sé spritt við skjáinn. Minna þarf nemendur á að spritta sig við matarvagninn. Nemendum finnst þetta ganga vel fyrir sig. Stundum er mikil röð þegar ákveðinn matur er í boði. Mikil forréttindi að fá heitan mat í hádegi að mati fulltrúa foreldra.

Viðburðir. Farið var yfir viðburði á skóladagatali og fulltrúar nemenda spenntir fyrir þeim. Fulltrúi nemenda segir að það hafi komið sú hugmynd upp um að hafa ratleik í skólanum Fulltrúi kennara hrósar lestrarvinum og hve skemmtilegt verkefni það er.

Erindi frá foreldri til skólaráðs varðandi akstur í Bryggjuhverfi. Foreldri í Bryggjuhverfi óskaði eftir því að tekin yrði fyrir umræða um skólaakstur í Bryggjuhverfi. Erindi verður sent til SFS varðandi málið og óskað eftir að það verði skoðað. Strætósamgöngur eru ekki miklar í hverfið og leiðin að skóla þannig að frekari lýsingu vantar.

Hjólafærninámskeið . Fulltrúi foreldra lýsir yfir ánægju með hjólafærninánámskeiðið sem fram fer í 4. bekk en Hamraskóli tekur þátt í verkefni á vegum Gufunesbæjar sem kallast Hjólað í skólastarfi.

Símsvörun. Athugasemdir hafa komið frá nokkrum aðilum að erfitt sé að ná í skólann gegnum símann. Það hefur komið fyrir að símkerfið detti út og sérstaklega kringum skiptin í reykjavík.is. Stjórnendur og skrifstofustjóri hafa farið yfir málið og reynt að tryggja svörun eins og hægt er. Bent er á að foreldra noti Mentor varðandi veikindatilkynningar. Ef skilaboðin berast tímanlega geta kennarar séð þau fyrir kennslu.

Vangaveltur frá fulltrúum í ráðinu.

Stundum tímapressa þegar borða nesti, mætti vera meira svigrúm. Skólastarf þarf að vera vel skipulagt og margir þættir sem spila þar inn. Getur verið erfitt í sumum tilfellum að hafa of mikinn sveigjanleika tímanlega þar sem það getur bitnað á öðrum þáttum.

Sjampónotkun nemenda til umræðu. Gagnrýni á það að ekki megi nota sjampó í sturtu eftir sundið. Hluti af þroskanum er að læra að gera hluti eins og að matast og klæða sig án streitu. Rætt verður við íþróttakennara varðandi málið.

Hádegismatur nemenda til umræðu. Nemendur þurfa mismikinn tíma, flestir búnir eftir 10 mínútur og þá kemur oft órói á salinn. Einstaka nemendur þurfa lengri tíma. Nauðsynlegt að hafa ákveðin tímaramma í salnum.